

Talstöðvar á smalahunda

Undritaður hefur um árabil notað tamda hunda í allskonar vinnu við búfénað. Hundarnir hlýða töluðum skipunum (orðum). Þegar menn nota tamda hunda og búpeningurinn hefur lært að virða hundana kemur fljótt að því að hundarnir eru sendir sífellt lengra frá smalanum. Rétt er að taka fram að taminn hund á að vera hægt að senda að fjárhóp og láta hann síðan reka hópinn þangað sem honum er sagt. T.d. til næsta smala eða halda hóp frá nærliggjandi gili, reka hópinn í þá átt sem verið er að smala o.s.frv.

Ég treysti verulega á hundana í smalamenskum og læt þá vinna langtímum saman í fleiri hundruð metra fjarlægð frá mér. Vegna þess hve fjölbreytt notkun þeirra er þarf sífellt að segja þeim fyrir verkum. Þessar vegalengdir hafa hinsvegar afar óheppileg áhrif á raddböndin (sérstaklega ef gefa þarf skipanir móti vindi).

Erlendis nota smalar jöfnum höndum talaðar skipanir og flaut þ.e. tvöfalt skipunarkerfi. Þar nota menn fjárhundana allt árið bæði í lítilli og mikilli fjarlægð. Ég hinsvegar nota hundana ekki í miklum fjarlægðum nema nokkra daga í leitum á haustin og nenni því ekki að kenna þeim að hlýða flautu. Í haust lét ég nokkurra ára draum rætast og kom mér upp talstöð á hundana. Ég notaði hana fyrst og fremst á 2 ára hund sem ég notaði mikið, en var eðli málsins samkvæmt ekkert slípaður í vinnu. Hundurinn (Vaskur) var nokkuð mikið taminn en frekar erfiður í notkun, mjög ákafur og ekki mjög hlýðinn að eðlisfari. Skemmst er frá því að segja að þetta gekk framur öllum vonum, Vaskur var fljótur að tileinka sér tæknina og hann nýtti sér miklar fjarlægðir í húsbóndann ótrúlega lítið til sjálfstæðra ákvarðana. Til gamans má geta þess að í einu tilviki þurfti ég að nota sjónaukann til að átta mig á staðsetningu hundsins við fjárhópinn.

Talstöðin þarf að vera sem fyrirferðaminnst og truflanir í lágmarki. Ég vatnsvarði hana með plasti og festi við hálsbandið. Stilla þarf móttökuna á rétta tónhæð og átta sig á því hversu mikið má hækka röddin svo skipunin skiljist. Þetta síðasttalda hefur mjög góð áhrif á sjálfsgögn smalans. Rétt er að benda á að heppilegast er að nota tíðni sem næst ekki á algengustu smalastöðvarnar því það sem sagt er í hita leiksins við smalahundinn á kannski ekki erindi til annarra.

Með baráttukveðju.
Svanur Guðmundsson
Dalsmynni Hnappadalssýslu



Hérna er Svanur að sýna gestum á landskeppni 2002 hvernig hann stjórnar hundi með talstöð - þar sem skilyrði voru góð, settist hann inn í bíl svo hundurinn heyrði ekki í honum nema í gegn um talstöðina.